

Alur Álvinnsla ehf. (áður Kratus ehf.)  
Klafastaðavegi 4  
301 Akranes

Reykjavík, 15.8.2024  
UST202401-227/S.M.  
08.09.02

## Reglubundið eftirlit í Al álvinnslu ID156

Þann 18. júní sl. fór fram reglubundið eftirlit í Al álvinnslu á Grundartanga. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Fimm eldri frávík eru opin er varða:

1. Gr. 2.14 í eldra starfsleyfi sett fram 6. nóvember 2017. Gjallsand skal allan flytja af svæðinu til viðurkennds endurvinnsluaðila og geyma í vel lokuðu geymslurými. Að sögn rekstraraðila er nú um 1200-1500 tonn til geymslu að Vogatungu og um 2000 tonn á verksmiðjussvæðinu. Gámar sem innihalda saltköku á lóð verksmiðjunnar hafa orðið fyrir veðrun og því hætta á mengun í jarðveg auk þess sem varanleg geymsla er óheimil. **Geymslan í Vogatungu hefur verið tæmd og saltkakan flutt erlendis til endurvinnslu. Saltkaka sem geymd er í gámum á lóðinni að Klafastaðavegi 6 við hlið Als álvinnslu hefur verið geymd þar lengur en þrjú ár og því væntanlega um varanlega geymslu að ræða (sbr. 3. gr. reglugerð 738/2003). Frávikið er opið.**
2. Gr. 2.5 í eldra starfsleyfi sett fram 22. janúar 2018. Í mælingu sem fór fram þann 23. október sl. er styrkur vetnisflúoríðs 17,9 mg/Nm<sup>3</sup> í útblæstri en losunarmörk eru 2,5 mg/Nm<sup>3</sup>. Samkvæmt bréfi sem rekstraraðili sendi þann 13. desember sl. var verið að bræða álflok. Rekstraraðili hyggst bæta við kalkstein í vinnsluferlið til að draga úr myndun vetnisflúoríðs. **Rekstraraðili hefur unnið að úrbótum á hreinsivirki sem og bætt nýju íblöndunarefni í vinnsluferlið til að minnka styrk vetnisflúoríðs í útblæstri. Frávikið er opið.**
3. Gr. 2.5 í eldra starfsleyfi sett fram 14. júní 2019. Í nýjustu mælingu í útblæstri sem framkvæmd var í apríl er vetnisflúoríð aftur yfir mörkum. Rekstraraðili hefur sent inn nýja úrbótaáætlun hvað það varðar og pantað aðra mælingu til að sannreyna virkni úrbóta. **Rekstraraðili hefur unnið að úrbótum á hreinsivirki og bætt íblöndunarefni í vinnsluferlið til að minnka styrk vetnisflúoríðs í útblæstri. Frávikið er opið.**

4. Gr. 2.5 í eldra starfsleyfi sett fram 8. september 2021. Styrkur vetnisflúoríðs mældist yfir starfsleyfismörkum í útblástursmæingum 2020 og 2021. Styrkurinn mældist 22,5 mg/Nm<sup>3</sup> í nóvember 2020 og 6,5 mg/Nm<sup>3</sup> í september 2021. Starfsleyfismörkin fyrir flúorefnasambönd eru 2,5 mg/Nm<sup>3</sup>. **Rekstraraðili hefur unnið að úrbótum á hreinsivirki og bætt íblöndunarefni í vinnsluferlið til að minnka styrk vetnisflúoríðs í útblæstri. Frávikið er opið.**
5. Gr. 3.5 í nógildandi starfsleyfi sett fram 22. desember 2022. Helstu ryk uppsprettur skulu vera með virkar mengunarvarnir. Hönnun og rekstur verksmiðjunnar skal miðast við að halda rykmengun og annarri mengun niðri. Ítrekuð rykmengun er um báðar innkeyrsludyr á suðurhlið verksmiðjuhússins. **Rekstraraðili sendi inn úrbótaáætlun vegna frávíksins þann 24. janúar og uppfærða úrbótaáætlun þann 8. ágúst 2023. Frávikið er opið.**

**Engin frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram í eftirliti nú.**

**Umhverfisstofnun óskar eftir uppfærðri úrbótaáætlun varðandi eldri frávik sem talin eru upp hér að framan og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 5. september 2024.**

Virðingarfyllst

Sigríður Magnúsdóttir  
sérfræðingur

Auður Eyberg Helgadóttir  
sérfræðingur